

Sp.

636. Þingsályktun

um skipun millipinganevndar í póstmálum.

(Afgreidd frá Sp. 30. marz.)

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna nefnd, er athugi, í samráði við pósthjórnnina, póstsamgöngur landsmanna og geri tillögur um breytingar, er miði að því, að póstsendingar berist um landið hraðar og tíðar en nú er. Nefndin hraði störfum og leggi álit sitt og tillögur fyrir Alþingi eigi síðar en 1944. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Kostnaður við nefndarstörfín greiðist úr rikissjóði.